

Samræmd könnunarpróf í Garðaskóla 2014

Samræmd könnunarpróf fóru fram dagana 22. - 24. september 2014. Prófað var að venju í þremur greinum; íslensku, ensku og stærðfræði. Heildarfjöldi nemenda í 10. bekk í Garðaskóla er 144. Fyrir prófin fór bréf frá skólanum til forráðamanna nemenda sem rétt eiga á stuðningsúrræðum, 21 nemandi þáði stuðningsúrræði vegna ýmissa frávika s.s. lestrarerfiðleika og 13 sóttu eingöngu um lengri próftíma. Enginn nemandi var með undanþágu, einn var í leyfi og eitthvað var um veikindi. Heildarþátttöku nemenda í hverju prófi fyrir sig í prósentum talið má sjá hér að neðan.

Myndirnar sem birtar eru í þessari samantekt sýna árangur nemenda Garðaskóla á samræmdu prófunum í september 2014. Myndirnar eru eftirfarandi:

Mynd 1. Normaldreifðar einkunnir í öllum námsgreinum, samanburður við landið.	2
Mynd 2. Einkunnir í íslensku, samanburður við landið og Reykjavík.	3
Mynd 3. Einkunnir í ensku, samanburður við landið og Reykjavík.	3
Mynd 4. Einkunnir í stærðfræði, samanburður við landið og Reykjavík.	4
Mynd 5. Árangur nemenda á undirþáttum íslenskuprófsins.	5
Mynd 6. Kynjamunur á undirþáttum íslenskuprófsins.	5
Mynd 7. Árangur nemenda á undirþáttum enskuprofsins.	6
Mynd 8. Kynjamunur á undirþáttum enskuprofsins.	6
Mynd 9. Árangur nemenda á undirþáttum stærðfræðiprófsins.	7
Mynd 10. Kynjamunur á undirþáttum stærðfræðiprófsins.	7
Mynd 11. Dreifing einkunna í íslensku, kynjamunur.	8
Mynd 12. Dreifing einkunna í ensku, kynjamunur.	8
Mynd 13. Dreifing einkunna í stærðfræði, kynjamunur.	9
Mynd 14. Hlutfall nemenda með lága, meðal og háa einkunn í íslensku.	9
Mynd 15. Hlutfall nemenda með lága, meðal og háa einkunn í ensku.	10
Mynd 16. Hlutfall nemenda með lága, meðal og háa einkunn í stærðfræði.	10
Mynd 17. Normaldreifðar einkunnir í íslensku, kynjamunur.	11
Mynd 18. Normaldreifðar einkunnir í ensku, kynjamunur.	11
Mynd 19. Normaldreifðar einkunnir í stærðfræði, kynjamunur.	12
Mynd 20. Framfaræinkunnir nemenda í íslensku.	13
Mynd 21. Framfaræinkunnir nemenda í stærðfræði.	13

Árangur nemenda Garðaskóla í samanburði við landið og Reykjavík

Mynd 1. Normaldreifðar einkunnir í öllum námsgreinum, samanburður við landið.

	Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 0-60			
	Garðaskóli	Landið	Hlutfall milli GS og landið *	Þátttaka
10. bekkur Íslenska	31,7	30	+ 5,6%	95,2%
10. bekkur Enska	32,5	30	+ 8,3%	95,2%
10. bekkur Stærðfræði	33,5	30	+ 11,7%	94,7%

* segir til um hvað normaldreifð einkunn Garðaskóla er mörgum % hærri/lægri en landsmeðaltals.

Árangur nemenda Garðaskóla er góður og vel yfir landsmeðaltali í öllum greinum. Meðaltal Garðaskóla er hærra en meðaltal allra landshluta (sjá Árangur nemenda Garðaskóla í samanburði við landið og Reykjavík

Mynd 1. Normaldreifðar einkunnir í öllum námsgreinum, samanburður við landið.) og árangur í öllum þremur námsgreinum er í samræmi við meðaltal síðustu 5 ára skv. skýrslu Námsmatsstofnunar¹.

Þátttaka nemenda skólans var mjög góð miðað við það sem almennt gerist í skólum landsins².


¹ Sveinbjörn Gestsson og Sigurgrímur Skúlason. (2015). *Samræmd könnunarpróf: niðurstöður fyrir árið 2014*. Reykjavík: Námsmatsstofnun. Bls. 65, 69 og 73. Sjá á vef: http://www.namsmat.is/vefur/skyrslur/samramd_prof/skyrsla_nidurstodur_2014.pdf.

² Sama rit, bls. 58-59.


Á myndum

Mynd 2. Einkunnir í íslensku, samanburður við landið og Reykjavík., Mynd 3. Einkunnir í ensku, samanburður við landið og Reykjavík. og Mynd 4. Einkunnir í stærðfræði, samanburður við landið og Reykjavík. sést að Garðaskóli kemur mjög vel út í samanburði við landið og Reykjavík. Í öllum þremur námsgreinum eru á bilinu 69-75% nemenda með einkunnina A eða B sem er mun hærra hlutfall en landið þar sem 52-60% nemenda eru með þessar einkunnir. Því er augljóst að Garðaskóli er með mun færri nemendur með einkunnina C og D.


Mynd 2. Einkunnir í íslensku, samanburður við landið og Reykjavík.



Mynd 3. Einkunnir í ensku, samanburður við landið og Reykjavík.




Mynd 4. Einkunnir í stærðfræði, samanburður við landið og Reykjavík.




Árangur nemenda Garðaskóla á undirþáttum prófanna

Mynd 5. Árangur nemenda á undirþáttum íslenskuprófsins.




Eins og sést á Mynd 5. Árangur nemenda á undirþáttum íslenskuprófsins. er Garðaskóli yfir landsmeðaltali í tveimur af þremur þáttum íslenskunnar. Lestur, bókmenntir og málfræði koma mjög vel út en slakari útkoma er í ritunarþættinum.

Mynd 6. Kynjamunur á undirþáttum íslenskuprófsins.




Á Mynd 6. Kynjamunur á undirþáttum íslenskuprófsins. sést vel að stúlkur koma mun betur út í málfræði og ritun en drengir. Drengir koma aðeins betur út í lestri og bókmenntum en stúlkur.

Mynd 7. Árangur nemenda á undirþáttum enskuprofsins.




Báðir þættir enskunnar komu mjög vel út. Málnotkunarþátturinn var þó ívið hærri en lestrarþátturinn.

Mynd 8. Kynjamunur á undirþáttum enskuprofsins.




Í ensku koma drengir betur út en stúlkur í lestri og málnotkun. Munar þó litlu í málnotkun en drengir eru mikið hærri í lestrarþættinum en stúlkur.

Mynd 9. Árangur nemenda á undirþáttum stærðfræðiþrófsins.



Allir þættir stærðfræðinnar komu mjög vel út. Algebra og rúmfræði komu þó betur út en reikniaðgerðir og hlutföll.


Mynd 10. Kynjamunur á undirþáttum stærðfræðiþrófsins.



Í stærðfræði koma drengir betur út en stúlkur í öllum þáttum. Munar þó litlu í rúmfræði en miklu í hinum þremur þáttunum; algebru, hlutföllum og reikniaðgerðum.


Dreifing einkunna og kynjamunur

Mynd 11. Dreifing einkunna í íslensku, kynjamunur




Stúlkur koma betur út en drengir í íslensku: 70,3% stúlkna er með einkunnina A eða B og 67,2% drengja er með einkunnina A eða B. Engin stúlka fær einkunnina D í íslensku.

Mynd 12. Dreifing einkunna í ensku, kynjamunur



Drengir koma miklu betur út en stúlkur í ensku: 82,13% drengja er með einkunnina A eða B og 68,9% stúlkna er með einkunnina A eða B. Enginn nemandi í Garðaskóla fær einkunnina D í ensku.


Mynd 13. Dreifing einkunnna í stærðfræði, kynjamunur




Drengir koma aðeins betur út en stúlkur í stærðfræði: 71,6% drengja er með einkunnina A eða B og 70,3% stúlkna er með einkunnina A eða B.

Á myndum Mynd 14., Mynd 15. og Mynd 16. má skoða dreifingu normaldreifðra einkunnna í öllum námsgreinum og námsþáttum. Myndirnar sýna hve stórt hlutfall nemenda er með lága, meðal eða háa einkunn samkvæmt skilgreiningu Námsmatsstofnunar.


Mynd 14. Hlutfall nemenda með lága, meðal og háa einkunn í íslensku.



Mynd 15. Hlutfall nemenda með lága, meðal og háa einkunn í ensku.




Mynd 16. Hlutfall nemenda með lága, meðal og háa einkunn í stærðfræði.




Næstu þrjár myndir sýna samanburð normaldreifðra einkunna í öllum námsgreinum og námsþáttum eftir kyni, þ.e. hve stórt hlutfall drengja og stúlkna er með lága, meðal eða háa einkunn samkvæmt skilgreiningu Námsmatsstofnunar.


Mynd 17. Normaldreifðar einkunnir í íslensku, kynjamunur.



Mynd 18. Normaldreifðar einkunnir í ensku, kynjamunur.



Mynd 19. Normaldreifðar einkunnir í stærðfræði, kynjamunur.




Framfaraeinkunnir nemenda


Framfaraeinkunnir eru þrjár; minni, í meðallagi og meiri. Framfaraeinkunn er ekki gefin í ensku þar sem próf í þeirri grein er hvorki lagt fyrir í 4. né 7. bekk. Ástæða er til að taka fram að nemendur í 4. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar ná að staðaldri mjög góðum árangri á samræmdum prófum. Nemendur með mjög háar einkunnir hafa takmarkaða möguleika á að sýna framfarir í mælingum sem þessum og það gæti valdið því að hlutfall nemenda sem sýnir „meiri framfarir“ er mun lægra en hinna hópanna.

Myndirnar tvær hér að neðan sýna hversu hátt hlutfall nemenda er með hverja framfaraeinkunn fyrir sig.

Mynd 20. Framfaraeinkunnir nemenda í íslensku.



Mynd 21. Framfaraeinkunnir nemenda í stærðfræði.



Samantekt í lokin

Niðurstöður samræmdra prófa veita upplýsingar um stöðu nemenda í þremur tilteknum greinum; íslensku, ensku og stærðfræði. Hægt er að skoða útkomu og bera saman á landsvísu. Fagstjórar, fagkennarar, sérkennarar og skólastjórnendur í Garðaskóla funda um niðurstöður prófanna og ákveða aðgerðir í framhaldinu.

Árangur nemenda Garðaskóla er góður í öllum greinum eins og sést á myndunum. Kennarar og stjórnendur Garðaskóla skoða einstaka námsþætti, meta hvaða þætti megi styrkja enn frekar og skilgreina leiðir til að ná þeim. Sem dæmi má nefna að um árábil hefur ritunarþáttur íslenskunnar hefur ekki komið eins vel út og aðrir þættir á íslenskuprófinu. Á undanförnum tveimur skólaárum hefur því verið lögð meiri áhersla á ritun í íslenskudeild skólans. Árangurinn af þessari áherslubreytingu er ekki farinn að skila sér í betri árangri nemenda á samræmdu prófi og áfram verður leitað leiða til að efla ritunarkennslu við skólann og bæta árangur nemenda á þessu sviði. Haustið 2014 hófst verkefnið læsi til náms sem miðar að því að allir kennarar skólans taki kennsluaðferðir til endurskoðunar með það að markmiði að efla læsi í víðum skilningi, munnlega tjáningu og ritun nemenda í öllum faggreinum innan skólans. Vonir standa til að árangur af þessari vinnu kennara skili sér á samræmdu prófi nemenda innan þriggja ára.

Þegar niðurstöður samræmdra prófa 2014 eru skoðaðar fyrir Garðaskóla vekur sérstaka athygli að strákar ná betri árangri en stúlkur á öllum námsþáttum nema tveimur undirþáttum íslenskunnar (málfræði og ritun). Í íslenskunni hefur bilið milli árangurs drengja og stúlkna minnkað, strákarnir sýna góðan lesskilning í bæði íslensku og ensku og í öllum þremur greinunum er hlutfall stráka sem fá einkunnina A hærra en hlutfall stúlkna. Þetta er mikil breyting frá undanförunum tveimur árum þegar stelpur náðu afgerandi betri árangri en strákarnir. Umræða um kynjamuninn hefur verið talsverð innan skólans og leiða til að bæta árangur drengja hefur markvisst verið leitað. Lesefni hefur verið endurnýjað í íslensku- og enskudeildum með það að

markmiði að ná betur til strákanna. Breyttar áherslur innan íslenskudeildarinnar virðast líka skila því að strákarnir hafa orðið virkari í náminu og sýna betri árangur. Ekki er hægt að útiloka að sérkenni nemenda og samsetning árgangsins valdi þessari miklu breytingu milli ára á árangri kynjanna. Einnig þarf að fylgjast með því að árangur strákanna verði ekki á kostnað stelpnanna, kennarar skólans stefna að sjálfsögðu að því að bæði kynin nái hámarks árangri.

Samræmd könnunarpróf í íslensku, ensku og stærðfræði í upphafi skólaárs vekja oft mikla umræðu. Sú umræða hefur að nokkru leyti snúist um tilgang, tímasetningu, innihald og gagnsemi svo eitthvað sé nefnt. Viðhorf margra nemenda og forráðamanna er m.a. að prófin skipti engu máli eftir að þau hættu að vera viðmið inn í framhaldsskólana. Fagkennarar tala um áhugaleysi nemenda á úrlausnum prófanna. Það hefur haft í för með sér að kennarar hafa í minna mæli farið einstaklingslega yfir úrlausnir með nemendum. Starfsmenn Garðaskóla gera sitt besta til að viðhalda jákvæðu viðhorfi til prófanna. Umgjörðin í skólanum, þ.e. hvernig prófin eru tekin skiptir þar miklu máli. Meðan samræmd próf standa yfir var uppbrot fyrir aðra árganga þar sem vikið var frá hefðbundinni stundaskrá. Það gerði það að verkum að færri starfsmenn voru til yfirsetu eða einn í hverri stofu í stað tveggja eins og tíðkaðist fyrir nokkrum árum. Skipulagið gekk snuðrulaust fyrir sig, nemendum leið vel og fagmennska við próftöku sýnd.

Nemendur Garðaskóla sýna viðvarandi góðan árangur í öllum námsgreinum. Margar og mismunandi ástæður er örugglega fyrir því. Hugarfarið sem einkennir skólann með það að leiðarljósi að gera góðan skóla enn betri hefur fylgt okkur í gegnum tíðina. Mikil fagmennska hefur einkennt starfið frá stofnun skólans. Fagstjórakerfið þar sem fagstjóri heldur utan um alla þætti í viðkomandi námsgrein og stjórnar starfinu á faglegan hátt skilar sér í góðri útkomu. Ferðakerfið þar sem komið er til móts við hvern nemanda á hans forsendum skiptir höfuðmáli í öllu skipulagi. Sem dæmi má nefna að í stærðfræði í 8. árgangnum hefur mikil vinna farið í að koma af stað ferðakerfi í vetur sem kemur mjög vel út. Ferðakerfið er hryggjarstykki skólans og

mikilvægt er að viðhalda því. Það styrkir ekki einungis þá nemendur sem þurfa meiri aðstoð heldur líka sterka nemendur sem eiga þess kost að sækja fjölbrautaáfanga og við að sér þekkingu sem nýtist þeim í framhaldinu.

Kennarar hafa meðvitað stuðlað að jákvæðu viðhorfi til menntunar, hver í sinni grein. Með því verða nemendur jákvæðari í garð námsins og það er forsenda þess að vel gangi. Í Garðaskóla er mikil áhersla er lögð á lestur eins og þróunarverkefnið *Læsi til náms* sem allir kennarar taka þátt í ber vitni um. Öflug vinna að lestri skilar sér í betri læsi á öllum sviðum. Í stærðfræði, íslensku og ensku er áhersla lögð á að yfirferð um námsefni sé skipuleg og að grundvallaratriði séu tekin til umfjöllunar, þjálfunar og úrvinnslu með reglulegu millibili. Fylgst er með námslegri stöðu hvers nemanda með reglulegum verkefnum og könnunum þar sem fyrra nám er rifjað upp og síðan bætt ofan á með faglegum hætti.

Sterk sérfræðikunnátta fagkennara, skýr kennslufræðileg sýn fagdeilda og uppbyggilegt utanumhald umsjónarkennara og deildarstjóra um hvern nemanda einkennir starf Garðaskóla. Í skólanum er rekið kerfi sem hefur sveigjanleika til að mæta þörfum og áhuga hvers nemanda og starfsmenn hafa metnað til að ná framúrskarandi árangri.

Garðaskóli 24. mars 2015

Sigurros Á. Gunnarsdóttir, deildarstjóri í 10. bekk

Elena Einisdóttir, fagstjóri í stærðfræði

Brynhildur Sigurðardóttir, skólastjóri